



FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA

7. fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga var haldinn þriðjudaginn 16. apríl 2019 og hófst kl. 19. Fundurinn var haldinn í þjónustuhúsi safnsins að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka. Mætt voru Árni Eiríksson, Eggert Valur Guðmundsson og Bryndís Eir Þorsteinsdóttir. Einnig var á fundinum Lýður Pálsson safnstjóri sem skrifaði fundargerð. Fundargerðin var skráð í tölvu.

1. Bókun vegna lántöku.

Í framhaldi af samþykki aðildarsveitarfélaga um kaup og lántöku vegna Búðarstígs 22 samþykkir stjórn eftirfarandi bókun:

Stjórn Byggðasafns Árnesinga samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 100.000.000 kr., til 15 ára, í samræmi við skilmála láns til ársins 2034 með föstum verðtryggðum vöxtum eins og þeir verða á þeim tíma er lánið er tekið. Er lánið tekið til að fjármagna kaup og viðgerðir á húsnæði Byggðasafnsins á Eyrarbakka, Búðarstíg 22.

Jafnframt er Lýði Pálssyni, kt. 300666-2999, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Byggðasafns Árnesinga að undirrita lánessamning við Lánasjóð sveitarfélaga f.h. Byggðasafnsins sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp, undirrituð og fundi slitið kl. 19,30.

*Árni Eiríksson
Eggert Valur Guðmundsson
Bryndís Eir Þorsteinsdóttir
Lýður Pálsson*